



Eins og sjá má er fyrsti áfangi Gróttubyggðar kominn upp úr jörðinni. Myndin var tekin að kvöldi til og sést upplýst húsið vel í nóvember rökkrinu.



Fyrstu íbúðirnar afhentar næsta haust

Framkvæmdir við byggingu íbúða við Bygggarða í Gróttubyggð hófust í lok árs 2022. Í fyrsta áfanga verkefnisins eru 63 íbúðir í fimm húsum auk bílakjallara. Stefnt er að því að afhenda fyrstu íbúðir haustið 2024.

Mikið er lagt í hönnun, innivist, efnisval og frágang í þessum húsum. Unnið er eftir kröfum Svansins og stefnt er á að fá Svansvottun á allar íbúðir við lok framkvæmda. Umhverfisstofnun hefur eftirlit og umsjón með Svansvottunum. Vefur með nánari upplýsingum um íbúðirnar kemur í loftið á fyrstu mánuðum 2024. Hægt er að kynna sér hvað felst í Svansvottun íbúða á heimasíðu JÁVERK www.javerk.is sem og hjá Umhverfisstofnun.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málafni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Borgarblöð ehf.

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Seltirningar

Seltirningar eru Seltirningar. Þeir búa á Seltjarnarnesi. Ýmist innfæddir og uppældir eða hafa flust þangað. Seltirningar hafa sterka sveitarfélagsvitund. Líta á Nesið sem bygginga sína.

Öðru hvoru koma fram hugmyndir um sameiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Seltjarnarnes er þá oft nefnt fyrst í því samhengi. Fámennt sveitarfélag sem ætti að vera hluti af höfuðborginni Reykjavík.

Seltirningar hafa staðið slíkar hugmyndir af sér. Ljóst má vera að ef efnt yrði til kosninga um sameiningu Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar eða víðtækari sameiningu yrði hún kolfellð á Nesinu.

Þar er ekki einvörðungu um að ræða sveitarmanninn sem löngum hefur búið í í Íslendingum. Heldur hefur myndast þétt samfélag á Seltjarnarnesi þar sem nálægð skiptir máli. Nálægð sem fólk vill ekki tapa.

Þótt nokkuð blási á móti í rekstri Seltjarnarnesbæjar eins og nær allra sveitarfélaga á landinu um stund mun sá mótblástur ekki eyða trú fólks á samfélagið sitt nyrst á tanganum. Þar sem Seltjarnarneshreppur hinn forni hófst í fjörunni við hafsins nið. Og Nesið hefst enn.

Safnatröð 1 í sölufurli



Seltjörn við Safnatröð.

Fasteignin við Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi sem hýsir Hjúkrunarheimilið Seltjörn verður seld. Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur tekið ákvörðun um að fara af stað með sölufurli á fasteigninni Safnatröð. Þar sem er rekið hjúkrunarheimili og þjónustuhluti fyrir aldraða á Seltjarnarnesi. Þótt fasteignin verði seld er ekki um að ræða breytingu á þeirri starfsemi sem rekin er í húsnæðinu.

Vigdísarholt ehf. sem rekið hefur hjúkrunarheimilið og dagdvölina annast reksturinn áfram. Markmiðið með sölunni er að losa um fjármagn sem bundið er í fasteigninni Safnatröð 1 til að fjármagna aðrar framkvæmdir bæjarins. Tilboðsfrestur var til 20. nóvember 2023. Lokið var við byggingu eignarinnar á fyrri hluta ársins 2019 og í mars það ár hóf hjúkrunarheimilið Seltjörn starfsemi í eigninni. Stór hluti fasteignarinnar er í langtímaleigu til ríkisins og er markmiðið að selja hana til aðila sem sérhæfir sig í fasteignarekstri ef ásættanlegt tilboð berst.



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Hafðu samband núna



Droghóls 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is



Black Friday
Tilboðsdagar!

25% afsláttur
af öllu*

Black Friday tilboðsdagar 23 - 27. nóvember í verslunum
Eyesland á Granda og í Glæsibæ.

Gildir einnig í vefverslun eyesland.is

*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

*Tilboðið gildir ekki af linsum.

eyesland

Grandi • Glæsibær • Keflavíkurflugvöllur • eyesland.is



Jákvæðari fjárhagur, varlegar fjárfestingar og góður gangur í grunnskólaviðgerðum

- Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri ræðir bæjarmálin

Nesfréttir höfðu samband við Þór Sigurgeirsson bæjarstjóra og spurðu fréttu af því helsta sem bæjaryfirvöld fást við þessa daganna.

Vinna við fjárhagsáætlun komandi árs er þegar þetta er ritað (18. nóv) á lokametrunum en fyrri umræða fjárhagsáætlunar verður næstkomandi miðvikudag. Í dag stefnir í að við munum sjá mun jákvæðari niðurstöðu en á árinu sem nú er að líða. Munar þar helst um auknar skatttekjur bæjarsjóðs en greitt útsvar er talsvert yfir áætlunum. Útsvarsþróenta verður óbreytt.

Það má þó lítið út af bregða því verðbólgan er enn há og vaxtaberandi skuldir bæjarins bera þess merki. Við munum eins og nágrannasveitarfélögin hækka flestar gjaldskrár bæjarins um 9,9% auk þess heitt vatn mun hækka um 20% á nýju ári. Ástæða þessarar umfram hækkunar á gjaldskrá hitaveitunnar er bæði vegna kostnaðar við auknar fjárfestingar og vegna frávíks sem varð við framkvæmd á verðskrá Hitaveitunnar á þessu ári. Mannleg mistök urðu því miður til þess að Hitaveitan varð af umtalsverðum tekjum árið 2023 sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.

Fjárfestingar framundan

Við munum fara varlega í fjárfestingar á komandi ári, vegna þess gríðarstóra verkefnis sem lagfæring á skólahúsnæðinu er vegna myglunnar þarf því miður að fresta verkefnum m.a. uppbyggingu á Félagsheimilinu því miður. Haldið verður áfram með Félagsheimilið okkar eins fljótt og audið er. Bygging leikskóla er enn á dagskrá auk þess sem farið verður í að LED-væða götulýsingu bæjarins. Við erum með Reykvíkingum í sameiginlegu útboði sem gefur okkur góð verð sökum stærðarhagkvæmni. Við munum setja kraft í að laga skólalóð Mýrarhúsaskóla. Einn liður fjárfestinga er kallaður „Málning og fegrun“ og munum við setja sérstakt fjármagn á þann lið til þess að geta sett kraft í að fegra og mála bæinn okkar svo sem gróður, leiksvæði og götur. Þarna þurfum við íbúa í lið með okkur að gera fínt í kring um okkur. Við eigum þennan bæ jú öll saman.

Ég tel ástæðu til að þakka bæjarbúum góðar viðtökur á nýju sörpflokkunarkerfi sem fór formlega í gang hér í bænum í síðasta mánuði. Með nýju kerfi erum við að uppfylla lagaskyldu að hluta en við þurfum að koma upp grenndarstöðum til að uppfylla lagaskylduna að fullu. Sitt

sýnist þó hverjum um staðsetningu slíkra stöðva en við komumst ekki hjá því að setja upp slíkar hér á Nesinu á nýju ári. Þar til þær verða komnar upp er íbúum bent á næstu móttökustöð Sorpu.

Sala eigna er í fullum gangi og mikill áhugi á Safnatröð 1 sem hýsir hjúkrunarheimilið. Sæbraut 2 er einnig í söluferli en það er glæsilegt einbýlishúsið.

Góður gangur í viðgerðum á grunnskólanum

Eins og gefur að skilja er lang umfangsmesta verkefnið þessi misserin viðgerðir á húsnæði grunnskólans. Það er gríðarlega krefjandi ekki síst þar sem unnið er að viðgerðum samhliða því sem kennt er í byggingunum eins og víða annarsstaðar er gert. Það er full ástæða til að hrósa starfsfólki skólanna, nemendum og foreldrum fyrir góða samvinnu og samskipti við þessar erfiðu aðstæður. Skólastarfið hefur í raun gengið með eindæmum vel þó þetta sé alls ekki einfalt fyrir alla og fólk er mismunandi næmt fyrir innivist í húsnæði. Við vinnum í einu og öllu eftir verkferlum og ráðgjöf Eflu á öllum stigum framkvæmdanna. Bærinn hefur leigt húsnæði út skólaárið á Eiðistorgi fyrir kennslu og hefur skólastarfið þar farið mjög vel af stað, starfsfólk og nemendur una sér ágætlega á torginu sem skiptir öllu máli.

Það er góður gangur í viðgerðum beggja bygginganna og vonandi verða þær tilbúnar að fullu fyrir næsta skólaár. Það er ánægjulegt að segja frá því að við höfum nú þegar fengið stofur í Valhúsaskóla til baka úr viðgerðum og er kennsla hafin þar aftur. Fleiri stofur eru væntanlegar úr viðgerðum á næstunni. Í sumar verður svo sett upp ný loftræsing í allar stofur Valhúsaskóla. Framundan eru viðgerðir á drenlögnum við báðar byggingarnar auk þess sem steypa þarf nýtt gólf í jarðhæð Mýrarhúsaskóla, en það hefur verið brotið upp og fjarlægt. Sömu leiðis verður loftræsing í Mýrarhúsaskóla endurbætt. Mikið er lagt upp úr því að halda foreldrum og starfsfólki vel upplýstu en upplýsingapóstur um gang framkvæmda er sendur til þeirra á hverjum föstudegi sem hefur mælst vel fyrir.

Eins og sjá má á þessari stuttu upptalningu sem er langt því frá tæmandi þá eru vissulega mörg, umfangsmikil og krefjandi verkefni sem hafa bæst við alla daglega starfsemi bæjarins. Álagið hefur verið mjög mikið en það eru allir að reyna að gera sitt besta og við horfum bjartsýn fram á nýtt ár segir Þór bæjarstjóri að lokum.



Þór Sigurgeirsson.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



DAGSKRÁ DESEMBER 2023



16. nóv. – 9. des.

GALLERÍ GRÓTTA SÝNING

Valgerður Ýr Walderhaug myndlistarkona sýnir **Bragða-refur með sniglaskeljum.**



4. des. kl. 20:00 – 22:00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Nánar á FB: **SELGARNanes og nágrenni.**




4. des. kl. 19:30 – 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Pórdís Helgadóttir rithöfundur fjallar um og les upp úr nýjstu bók sinni **Arméló.**

Kaffi og piparkökur.



7. des. kl. 17:00 – 18:30

JÓLATÓNSTAFIR OG JÓLAFJÖR

Skólahljómsveit Tónlistarskólans spilar inn jólin undir stjórn **Kára Einarssonar.** Skemmtilegustu jólasveinarnir koma í heimsókn og gleðja börn á öllum aldri.



9. des. kl. 11:00 – 14:00

JÓLAFÖNDUR

Skemmtilegt JÓLAFöndur í boði fyrir börn og fjölskyldur á notalegum laugardegi.



9. des. kl. 12:00

SJÁLFSMYND BARNNA – UPPLESTUR OG ERINDI

Dr. Paola Cardenas og **Soffía Elín Sigurðardóttir** sálfræðingar og höfundar Súper-bókanna lesa **Súper Kröftug** fyrir börnin. Stutt erindi í framhaldi um hvernig bækurnar nýtast til að efla sjálfsþekkingu barna, bjargráð og innri styrk.



11. – 22. des.

JÓLARATLEIKUR

Taktu þátt og finndu alla jólasveinana sem eru í felum á bókasafninu. Skemmtileg þáttökuverðlaun - **dregið 22. des.**



13. des. kl. 17:00 – 17:30

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

María Rut og **Ingileif** rithöfundar lesa upp úr bók sinni **Úlfur og Ylfa – Ævintýradagurinn.**



14. des. kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Sigrún Hrólfsdóttir myndlistarkona opnar sýningu sína **Frá Innri-Fagradal / The Valley of Inner-Beauty.**

Sýningin er til 13. janúar 2024.



20. des. kl. 17:00 – 17:30

JÓLASÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða jólasögurnar **Snuðra og Tuðra í jólaskapi** eftir **Íðunni Steinsdóttur** og **Jóladýrin** eftir **Gerði Kristnýju** og **Brian Pilkington.**



ATH!

Bókasafnið verður **LOKAB** föstudaginn 8. desember vegna starfsmannafundar



JÓL

LOKAB 24. – 26. desember og 1. janúar



Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness

Fylgdu okkur



Bókasafn Seltjarnarness

Eiðisgrandinn lokaður til vesturs



Á þessu korti má sjá hjáleiðir vesturs til Seltjarnarness.

Nú er unnið við að fjarlægja miðeyju og umferðarljós við nyðri hluta Eiðisgranda. Af þeim sökum er Eiðisgranda lokað fyrir bílaumferð til vesturs frá og með mánudeginum 13. nóvember til 1. desember n.k. Hjáleiðir vegna lokunarinnar verða um Hofsvallagötu, Meistaravelli og Framnesveg. Þessar framkvæmdir skapa óþægindi fyrir vegfarendur og einkum íbúa Seltjarnarness sem fara oft daglega um Eiðisgrandann. Vegagerðin biður því vegfarendur um að sýna skilning og þolinmæði.

www.systrasamlagid.is



við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Pálmi ræddi við eldra fólkið



Pálmi Jónsson öldrunarlæknir ræðir við fólk á fundi Félags eldri borgara.

Pálmi Jónsson öldrunarlæknir hélt erindi á félagsfundi Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi sem haldin var í Bókasafni Seltjarnarness þann 1. nóvember sl. Pálmi brýndi fyrir fundarfólki þau atriði varðandi heilsuna sem þarf að vera vakandi fyrir svo "ellikerling" nái ekki of miklum tókum á fólki. Gagnlegt spjall fór fram í lok erindis og finar veitingar voru á borðum.



Áhugasamir eldri borgarar hlíða á fyrirlestur Pálma Jónssonar í sýningarsal Gallerís Gróttu.

Minnihlutinn vill ástandsskoðun

Samfylkingin og óháðir lögðu fram tillögu í bæjarstjórn í upphafi árs þess efnis að ástandsskoðun yrði framkvæmd af óháðum aðila á byggingum sem hýsa leik- og grunnskóla, frístund, félagsmiðstöð og tónlistarskóla Seltjarnarness. Búið er að framkvæma úttekt á húsnæði grunnskólans sem leiddi í ljós umfangsmiklar rakaskemmdir og myglu. Enn á eftir að framkvæma úttekt á öðru húsnæði sveitarfélagsins. Frá því að skýrsla Eflu var kynnt fyrir bæjarráði í haust hafa fulltrúar Samfylkingar og óháðra lagt áherslu á að nemendum og starfsfólki séu tryggðar heilnæmar starfsaðstæður og að óásættanlegt væri að kenna í kennslustofum sem við vitum að eru myglaðar. Minnihlutinn bendir á að þeim hafi verið sagt að hreinsun og loftun ætti að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks og nemenda en dæmin sýna okkur nú að nemendur eru að veikjast og kennarar líka. Frumskylda sveitarfélagsins sé að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks og nemenda og viljum við því skora á bæjarstjóra og skólayfirvöld að endurskoða áætlanir sýnir um að nýta áfram myglaðar kennslustofur að því er kemur fram í bókun minnihlutans.



Borað eftir heitu vatn ofan Ráðagerðis á Seltjarnarnesi.

Gjaldskrá hitaveitunnar hefur tekið gildi

Minnihluti bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur óskað eftir svörum hver sé gjaldskrá hitaveitu sveitarfélagsins árið 2023. Í bókun minnihlutans á bæjarstjórnarfundum segir m.a. að stjórn veitustofnana hafi samþykkt á fundi 14. desember 2022 að hækka gjaldskrá um 15% árið 2023. Sú fundargerð hafi ekki verið lögð fyrir bæjarstjórn né birt á vef Seltjarnarnessbæjar.

Málið er að í lok síðasta árs var samþykkt að hækka gjaldskrár vegna fráveitu, kalds vatns og heits vatns um 15% á Seltjarnarnesi. Umhverfisráðuneytið gerði athugasemd við hækkun á heita vatninu því orkulög kveða á um 7% hámark á arðgreiðslu og hafði Seltjarnarnes farið yfir það að einhverju leyti árin 2020 og 2021. Mistök í stjórnsýslu bæjarins ollu því að gjaldskrárhækkun, sem samþykkt hafði verið og átti að taka gildi um síðustu áramót, tók ekki gildi. Hækkunin hefur nú fengist samþykkt og hefur hún verið auglýst í Stjórnartíðindum og tekið gildi. Umrædd hækkun hefði skilað hitaveitunni um 20 milljónum króna það sem af er ári. Hún hefur nú tekið gildi en fyrir vikið mega íbúar bæjarins búast við frekari gjaldskrárhækkunum á nýju ári. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir við hitaveituna á Seltjarnarnesi. Meðal annars borun eftir heitu vatni við Ráðagerði.

Hrekkjavökuhátíð í grunnskólanum



Hér má sjá mynd frá deginum í Valhúsaskóla.

Haldið var upp á Hrekkjavökuna í báðum húsum Grunnskóla Seltjarnarness í lok október.

Margt var til gamans gert. Í Valhúsaskóla var nemendum skipt í aldursblandaða hópa sem fóru á allskyns stöðvar s.s. andlitsmálningu, breakout, kahoot, pílu, blöðruleik og svo margt fleira.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölupóknun

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Páll
Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Hugmyndin er upphaf að öllu

- segir Sólveig Pálsdóttir rithöfundur sem er að gefa út nýja glæpasögu

Sólveig Pálsdóttir rithöfundur á Seltjarnarnesi var að senda frá sér nýja bók. Bókin nefnist Miðillinn og er áttunda bókin sem hún sendir frá sér á ellefu árum. Frá árinu 2013 hefur hún einkum helgað sig ritstörfum. Fyrsta bók Sólveigar, Leikarinn, kom út árið 2012 þegar hún var 52 ára gömul. Fimmta bók hennar, Fjötrar, fékk Blóðdropann 2020, glæpasagnaverðlaun Hins íslenska glæpafélags, sem besta glæpasaga ársins 2019.

Nesfréttir hittu Sólveigu í bókasafninu á Eiðistorgi á dögunum og var hún innt eftir um hvað hún væri að skrifa í nýju bókinni. Hún var fljót til svars. Hún væri að skrifa um lögreglumanninn Guðgeir sem hafi fylgt sér að miklu leiti í gegnum rithöfundarferilinn. Hún segir Guðgeir enga erkítýpu. Hann eigi sé enga fyrirmynd í Skandinavískum ofurlöggum á borð við Martin Beck eða Kurt Wallander. Löggur með brotna fjölskyldumynd og önnur vandamál á bakinu. Guðgeir sé sín hugarsmíð að öllu leyti. Hin aðalpersónan er einnig hugarsmíð Sólveigar. Guðrún einstæð tveggja barna móðir. Ættuð að norðan. Mjög hressilega kona sem hafi sínar skoðanir. Sólveig segist ekki hafa mótað lögreglu- eða glæpasögur í huganum áður en hún hóf rithöfundarferilinn.

Hugmyndin er upphaf að öllu

„Minn ferill hófst ekki á spennu-sagnskrifum. Þegar ég hóf að skrifa þá átti fyrsta bókin mín ekki að verða spennusaga. Í fyrstu var ég bara að leika mér við skriftir og vildi sjá hvað kæmi út úr því. Upphaflega átti fyrsta sagan að verða saga um vandræðagang manns í kringum fertugt. En svo kom ákveðið plott í huga minn og ég varð gríðarlega ánægð þegar ég fékk þá hugljómun.“ Stundum er sagt að í endinum og upphafinu sé að finna lykilinn að góðu plotti í spennusögum.

Sólveig segist ekki vinna eftir því. „Ég hef byrjað allar mínar sögur á upphafinu og oft án þess að vita hver endanleg niðurstaða verður. Ég skrifa mig að niðurstöðunni. Hún þróast á leiðinni og verður oft ekki ljós fyrir en líður að sögulokum.“ Sólveig segir að eftir því sem hún hafi skrifað meira hafi hún þjálfast og farið að vinna með markvissari hætti. En hugmyndin sé upphafi að öllu. Síðan þurfi að vinna út frá henni og spinna þráðinn. Án hugmyndarinnar gerist ekki neitt.

Lík í Hólavallagarði

Sólveig sækir efnivið hinnar nýju bókar að einhverju leyti í tíma spíritisma eða andatrúar sem var algeng hér á landi um miðja og upp úr síðustu öld. „Já ég geri það og ein af aðalsögupersónunum er Valpór sem er miðill. Upphaf sögunnar er að lík af eldri konu finnst í Hólavallagarði. Hún liggur þar á köldum febrúarmorgni og engin skýring finnst á því hvað hafi gerst. Þessi kona sem hét Arnhildur hafði lifað mjög vanaföstu lífi og umgengist fáa. Er þarna var komið sögu var hún hætt að vinna. Hún á dóttur sem býr á sambýli og systur og mág sem búa í Hveragerði. Eftir stutta rannsókn kemur í ljós að hún var að leiðinni heim af miðilsfundi þegar hún mætti örlögum sínum. Arnhildur bjó í rauðmáluðu húsi í gamla Vesturbænum þar sem leigjendur í húsinu og nágrannar hennar koma við sögu. Þegar betur er farið að grennslast fyrir um fortið þessarar konu fer ýmislegt að koma í ljós sem Valpór miðill tengist. Ýmsir þræðir fara að vakna upp.“ Sólveig vill eðlilega ekki fara of nákvæmlega út í þá. Ekki skemma fyrir væntanlegum lesendum. Hún segist fara aðeins inn á dulrænar slóðir án þess þó að missa jarðtenginguna. „Spíritismi eða andatrú var algeng um og upp úr miðri síðustu öld. Áhrif hennar hurfu að mestu en ég náði þó aðeins í skottið á þessari hugmyndafræði. Ég var í sveit austur í Skaftafellssýslu og systir bóndans



Sólveig Pálsdóttir.

á bænum var skyggn. Íslendingar lokuðu nánast á þetta. Andatrúin þótti bara kjánalegt. En mig langaði að fara aðeins inn á þetta svið í skáldsögu en fannst ekki jarðvegur fyrir það fyrir en nú. Fólk er aðeins að opna sig aftur fyrir andlegum hlutum.“ Sólveig þvertækur fyrir að bókin fjallið um spíritismann þótt hann komi við sögu. Hún kveðst hafa prufað að fara á miðilsfundi fyrir mörgum árum og einnig farið á skyggnilýsingar fyrir mörgum árum. „Þegar ég fór að vinna rannsóknarvinnu fyrir bókina og fór meðal annars leita á netinu komst ég að því að fólk er að pæla í þessum hlutum. Meira en ég hélt.“

Persónurnar þróast og proskast

Sólveig segir glæpasögur gefa möguleika á samfélagsrýni. Sér finnst skemmtilegt að fara inn á hin og þessi svið og skoða hliðar samfélagsins í rannsóknarvinnunni sem sé undanfari sjálfrar skáldsagnagerðarinnar. Sólveig kveðst hafa skrifað þessa bók nokkuð hratt. Hún hafi fengið aðstöðu í Frakklandi um tíma og reynt að nýta hann vel.

„En sagan kom líka svo sterkt til mín og ég hafði mikla ánægju af að vinna að henni.“ Sólveig kveðst vera búin að fá viðbrögð frá mörgu fólki sem sé búin að lesa bókina. Þessi viðbrögð séu á einn veg. Sagan sé hörku spennandi. „Verst ef ég get ekki gengið í gegnum Hólavallagarð án þess að upplifa mystíkuna í henni. En ég hef alltaf unnið þannig að vera alltaf með mismunandi sögu svið og farið vítt og breytt um landið sem mér hefur fundist skemmtilegt. En í þessari bók held ég mig að mestu við Reykjavík með smá viðkomu í Hveragerði og á Snæfellsnesi. En Hólavallagarður og gamli Vesturbærinn er gott sögu svið. Þótt ég hafi flutt mig í höfuðborgina að þessu sinni þá eru aðalpersónurnar í bókinni þær sömu og í mínum fyrri bókum. Þau fá bara nýtt efni til þess að fást við. Guðgeir, Guðrún og Særós sem er yfirmaður þeirra. Særós er sérstök. Hún er ein af þeim sem alltaf er með allt á hreinu. Alltaf hörð við sjálfa sig. Hún stundar sjósund og hleypur. Hún mælir líka allt sem hún gerir. Hún mælir blóðsykurinn. Hún mælir svefninn auk þess að vera aðeins ósveigjanleg, svona ferköntuð en

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Úr Hólavallagarði sem er söguvið nýrrar skáldsögu Sólveigar.

ekki slæm. En með áhuga á að hafa vit fyrir fólki. Guðgeir er öðruvísi en ljúfur maður sem getur þó beitt sér ef þess þarf. Konan hans er lögfræðingur og ég blanda alltaf svolitlu af heimilislíf með. Þessar persónur mínar hafa allar þroskast og þróast í gegnum bækurnar. Eins og við gerum sjálf í daglega lífinu.“

árábil. En nú hefur hún snúið sér að skriftum af fullum krafti. En ætlar hún að halda áfram. „Ég er núna að kynna nýju bókina. Lesa upp úr henni sem tilheyrir útgáfunni. Ég býst við að fljótleg fari ég að huga að nýjum skrifum. Ég er þegar farinn að hugsa og eftir áramótin er ég viss með að opna tölvuna og setjast niður,“ segir Sólveig að lokum.

Fjölhæf á sviði lista

Sólveig hefur búið á Seltjarnarnesi til fjölda ára og ætíð gefið mikið af sér til menningarmála í bæjarfélaginu. Hún var meðal annars formaður menningarnefndar í átta ár, á árunum 2002 til 2010 og kom á þeim tíma mörgum góðum menningartengdum verkefnum á köppinn. Sólveig hefur enn fremur í gegnum tíðina verið trúað fyrir ýmsum störfum í nefndum og fagráðum er varða listir og menningu innan og utan Seltjarnarness. Ekki er ofsögum sagt að Sólveig er fjölhæf á sviði lista, skapandi greina og miðlunar. Hún er í menntuð í leiklist frá Leiklistarskóla Íslands og starfaði sem slík auk þess að vera dagskrárgerðarmaður hjá RÚV um

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓÐSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Valgerður sýnir í Gallerí Gróttu

Bragðarefur með sníglauskeljum nefnist sýning sem nú stendur yfir í Gallerí Gróttu. Valgerður Ýr Walderhaug myndlistarmaður er höfundur sýningarinnar.

Valgerður nam við Listaháskóla Íslands og síðar myndlistadeild Háskólans í Þrándheimi. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis og hefur hlotið starfslaun í Noregi þar sem hún er búsett. Myndir á sýningunni Bragðarefur eru á mörkum málverks og skúlpturs. Valgerður vinnur með fjöldaframleidda og fundna hluti sem hún umbreytir með malískum aðferðum og úr verða flókar innsetningar þar sem litir gegna mikilvægu hlutverki.



Valgerður Ýr Walderhaug myndlistarmaður.



www.systrasamlagid.is

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið alagastýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og reðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sverrir Einarsson
Útfarastjóri
Sí: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
Sí: 793 4455



Jóhanna
Firkusdóttir
Umsjón stóra



Guðmundur Ó. Jóhannsson,
Framkvæmdastjóri
Umsjón stóra
Sí: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sigrún Þorgeirsdóttir tekin við Selkórnum

- jólatónleikar í Seltjarnarneskirkju 3. desember



Selkórinn. Myndin var tekin 4. desember 2022.

Nýr kórstjóri hjá Selkórnum
Selkórinn hefur starfað óslitið
frá árinu 1968 á Seltjarnarnesi og
átt þeirri gæfu að fagna að hafa
haft einstaklega hæfileikaríka
kórstjóra. Heppnin er áfram með
kórnum því nú í haust kom til
liðs við Selkórinn nýr kórstjóri,
Sigrún Þorgeirsdóttir.



Sigrún Þorgeirsdóttir nýr kórstjóri
Selkórsins.

Sigrún er fædd árið 1964 og fór
mjög ung með foreldrum sínum til
Ameríku því faðir hennar var við
nám þar. Þau fluttu svo með dætur
sínar á Seltjarnarnesið 1977 og þar
ólst Sigrún upp á unglingsárum.
Hún lauk 8. stigs prófi í söng frá
Tónlistarskólanum í Reykjavík eftir
stúdentspróf frá MR en aðalkennari
hennar var Sieglinda Kahmann.
Leiðin lá svo til Boston University
þar sem hún lauk MM prófi í söng
og stundaði síðan framhaldsnám í
kórstjórn við Florida State University.
Sigrún hefur starfað víða við tónlist,
hún stjórnaði Kvennakór Reykjavíkur
í rúm 12 ár frá 1997 til 2009 og hefur sungið með söngkvartettinum Rúdolf frá
stofnun hans 1992. Hún stjórnaði einnig Karla-kórnum Stefni í Mosfellsbæ
í sex ár 2016 til 2022. Auk tónlistarmenntunar hefur Sigrún BSc próf í
efnafræði frá Háskóla Íslands og starfar nú sem skrifstofustjóri verkfræði-
deildar Háskólans í Reykjavík.

Fyrstu tónleikar Sigrúnar með Selkórnum verða jólatónleikar í
Seltjarnarneskirkju, sunnudaginn 3. desember kl. 16.00. Efnisskráin verður
fjölbreytt, undurfögur jólalög og trúarleg tónlist í bland, eftir Mozart, Gabriel
Fauré, John Rutter, Ola Gjeilo, Báru Grímsdóttur og Tryggva M. Baldvinsson
svo nefnd séu nokkur nöfn. Brynhildur Þóra Þórsdóttir sópran syngur
einsöng og Vignir Þór Stefánsson spilar undir á píanó. Allir velkomnir meðan
húsrúm leyfir. Miðar fást við inngang eða hjá kórfélögum, miðaverð kr. 3.000

Evolytes

Nýtt kennsluefni í stærðfræði á Nesinu



Evolytes kynnt í Grunnskóla Seltjarnarness.

Grunnskóli Seltjarnarness hefur verið að nota Evolytes sem er íslenskt
stærðfræðinámskerfi. Evolytes stendur saman af námsleik, stærð-
fræðibókum og upplýsingakerfi fyrir kennara.

Nemendur í 3. bekk fengu kynningu á því hvað Evolytes er og hvernig
leikurinn virkar nú í byrjun nóvember. Evolytes er byggt þverfaglegum
rannsóknum og notar framúrstefnulegar sálfræðikenningar til þess að bæta
námsárangur barna í stærðfræði og til þess að halda áhuga þeirra til lengri
tíma. Einnig er áformað nýta þetta kennsluefni nemendum í sérkennslu.

Nemendur á listasýningar



Nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness í leirlistavali fóru á
listasýningar í byrjun nóvember.

Mánudagshópurinn fór á Ásmundarsafn á sýninguna „Mentor:
Ásmundur Sveinsson og Carl Milles” og fimmtudagshópurinn fór á
Listasafn Íslands og skoðaði sýningu Egils Sæbjörnssonar og ný verk
í eigu safnsins. Sýningarnar voru skemmtilega ólíkar og nemendur
voru til fyrirmyndar.



Er um á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



Harðskeljadekk



Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is



Árni Árnason Hafstað

Kennari og fuglaljósmyndari af Seltjarnarnesi

Árni Árnason Hafstað er upp alinn á Seltjarnarnesi og gekk í Mýrarhúsaskóla, skólann sem hann kenndi síðan við í tæplega 20 ár, eða þangað til hann setti „kennaraprikið á hilluna“ vegna aldurs. Lestur barna hefur löngum verið honum hugleikinn og hefur hann í gegnum tíðina samið og þýtt fjölmargar bækur, sem flestar eiga það sameiginlegt að höfða ekki síst til þeirra barna sem af einhverjum ástæðum glíma við lestrarerfiðleika en spilla síður en svo fyrir hinum fluglæsu, enda er efnið yfirleitt áhugavert.

Árni hefur um langt árabíl verið í hópi hinna svokölluðu fuglaljósmyndara og sendi hann fyrir skömmu frá sér bókina Lesum um fugla. Þar kynnir hann til leiks í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum um 70 tegundir algengra fugla. Við forvitnuðumst aðeins um þessa bók og sitthvað fleira.

„Ég kynntist snemma því fjölskrúðuga fuglalífi sem er á Seltjarnarnesi. Æskuheimili mitt var rétt við þann stað sem Valhúsaskóli stendur núna á og þaðan var stutt niður í fjöru. Þar var gjarnan mergð fugla, sjófugla og vaðfugla í ætisleit. Og í „hæðinni“ og mónum var mikið af mófugli. Ég hafði gaman af því að fylgjast með þessum fuglum öllum.“

Eru einhverjar af fuglamyndunum teknar á Seltjarnarnesi?

„Já, heldur betur. Tæplega helmingur myndanna í bókinni er tekinn af fuglum á Nesinu. Ég hef tekið mikið af myndum þar, enda fuglalífið með eindæmum fjölskrúðugt á þessu svæði. Nesíð er í rauninni paradís fyrir fuglaáhugamenn. Bakkatjörn er í miklu uppáhaldi með sinn fjölda andategunda. Þar er oft mikið fjör og eins Sudurnes, bæði norðan og austan megin þar sem vaðfuglarnir eru fyrirferðarmestir. Og ekki má gleyma öllum æðarfluglunum og sjófuglinum.“

En þá að bók þinni, Lesum um fugla. Hvað geturðu sagt okkur um hana?

„Jú, hún er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns og nýtist þeim og öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynnast algengum fuglum í íslenskri náttúru. Bókin er þannig uppbyggð að fuglunum er raðað í stafrófsröð, sem gerir það að verkum að það er þægilegt að leita í henni, svo er lýsandi mynd af hverjum fugli fyrir sig og tvö til þrjú lykilorð um hvern þeirra, sem er svo svarað í stuttum texta þar á eftir.“

En hvernig geta foreldrar komið að bókinni og stutt við lestur barna sinna?

„Það geta þeir gert með ýmsu móti. Þeir geta auðvitað hjálpað þeim við að lesa textann og rætt um þau atriði sem þar eru nefnd, svo sem hvað það merki hjá álfinni „að vera í sárum“, eða þá að hrafnninn „sé alæta“. Svo er hægt að lesa í myndirnar og ræða um þær, en allt þetta – lestur, spjall um textann og myndirnar – hjálpar börnum að auka við orðaforða sinn og lesskilning og bætir svo vitaskuld sjálfan lesturinn hjá viðkomandi barni. Ég hvet foreldra eindregið til að sitja með börnum sínum þegar þegar þessi bók er lesin, nú eða ef aðrar bækur eru hafðar um hönd og sýna því áhuga sem þau eru að lesa og/ eða skoða. Það er sannkölluð gæðastund og skilar sér svo sannarlega þegar að fram líða stundir.“



Árni Árnason Hafstað með myndavélina.



Prastarungi í Hólavallagarði.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Starfsfólk og þátttakendur í starfi eldri borgara á Seltjarnarnesi senda fjölskyldu Kristjáns Jóhannssonar hjá Nesfréttum innilegar samúðarkveðjur og þakka áratuga samleið og gott samstarf.

Eldri borgarar frá Grindavík velkomnir

Þess má geta hér að haft hefur verið samband við yfirvöld í Grindavík sem stýrt hafa félagsstarfi eldri bæjarbúa þar og þeim boðið að nýta sér aðstöðuna hjá okkur og einnig að taka þátt í öllu okkar starfi hér á Seltjarnarnesi á meðan á óvissunni stendur.

Þátttaka

Nokkuð góð þátttaka hefur verið í félagsstarfinu og viðburðum á undanförmum vikum. Heimsókn eldri borgara úr félagsstarfi Dómkirkjunnar heppnaðist mjög vel og var salur safnaðarheimilisins fullskipaður. Dr. Sigurður Árni Eyjólfsson héraðsprestur hélt erindi um sambúð Marteins Lúthers og Katarínu af Bora sem í senn var áhugavert og skemmtilegt. Boðið var upp á hádegisverð sem var steiktur fiskur og Royal búðingur á eftir. Allir saddir og sælir eftir skemmtilega samverustund í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju.

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi hefur haldið tvo félagsfundi nú í haust. Á fyrri fundinum var rætt um húsnæðismál eldri borgara og hvað hafa þarf í huga við byggingu húsnæðis fyrir eldri fólk. Páll Líndal umhverfissálfræðingur hélt erindi. Einnig spunnust umræður um húsnæðismál eldri borgara á Seltjarnarnesi. Ýmsar hugmyndir komu fram og möguleikarnir í stöðunni ræddir.

Á seinni fundinum hélt Pálmi Jónsson, sérfræðingur í öldrunarlækningum erindi varðandi heilsuna þegar aldurinn færast yfir. Hvað ber að varast og hverju ber að viðhalda til að minnka áhrif „ellikerlingar“ á heilsuna. Einnig var komið inná strauka og stefnur í þróun öldrunarþjónustunnar, vonir og væntingar.

Leikhúsferðirnar

Þann 1. nóvember var fyrri leikhúsferð haustsins. Farið var á sýningu Þjóðleikhússins EX. Flott sýning og stórkostlegur leikur. Næsta leikhúsferð verður 23. nóvember og þá í Borgarleikhúsið á sýninguna Deleríum Búbónis. Uppselt er orðið á þá sýningu og komust færri að en vildu. Þar sem góður rómur er að leikhúsferðum okkar þá er stefnt á að velja tvær eða þrjár sýningar fram á vor. „Óvissuferð“ var farin í Elliðaárdalinn fimmtudaginn 16. nóvember. Lítil þátttaka var í þá ferð sem reyndist frábær í alla staði og synd að ekki fleiri sáu sér fært að vera með. Eftir fróðlega leiðsögn og skemmtilega sýningu var farið í kaffi á nýjan veitingastað sem heitir Á Bístró. Skemmtilegur staður sem býður upp á fjölbreytni í veitingum. Ákveðið var á staðnum að heimsækja þennan stað næsta sumar, þess fullviss að fleiri njóti.

Aðventan/jólamánuðurinn

Fasta dagskráin heldur sér allan desember en 20. desember verður síðasti dagur í leir, gleri og handavinnu. Félagsvist verður í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 7. desember kl. 13.30 og jólabingóíð verður fimmtudaginn 14. desember.

Jóla ljós og út að borða

Þriðjudaginn 12. desember ætlum við út að borða og njóta jóla ljósa og jólastemningar. Farið frá Skólabraut kl. 18.00. Þá verður byrjað á að keyra um helstu jóla skreyttu staði í nágrenninu. Síðan verður farið á Veitingastaðinn Nauthól. Þar verður hægt að velja um rétti af matseðli eða sérstakum jóla seðil. Skráning er hafin. Nánari upplýsingar og skráning hjá Kristínu s. 8939800.

Söngur og súkkulaði

Þriðjudaginn 19. desember verður aðventusamvera í salnum á Skólabraut. Húsið opnar kl. 14.30. Heimsókn frá nemendum Tónlistarskóla Seltjarnarnes og þeirra kennurum og sönghópur eldri bæjarbúa tekur lagið undir stjórn Bjarna Hreinssonar. Jólahugvekja. Hvetjum fólk til að fjölmenna og eiga saman notalega stund. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og annað góðgæti.

Hvetjum fólk til að fylgjast með dagskrá félagsstarfsins og muna að starfið er fyrir alla eldri borgara sama hvar þeir búa. Meginhluti dagskrárinnar fer fram í aðstöðunni á Skólabraut 3-5 nema annað sé auglýst. Minnum á kaffikrókinn á Skólabraut alla daga frá kl. 9.30., jóga/leikfiminna með Öldu alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00, handavinnuna alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00, sönginn alla þriðjudaga kl. 16.00, botsía miðvikudaga kl. 10.00, æfingar og þútt á Nesvöllum þriðjudaga kl. 10.30 og námskeiðin í gleri og leir. Einnig er vatnsleikfimi í sundlauginni sem er opin fyrir alla eldri borgara, karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar og ýmislegt fleira. Á Skólabraut er boðið upp á hársnyrtingu einu sinni í viku og fótisnyrtingu á 5-6 vikna fresti. Einnig hvetjum við alla til að fylgjast vel með fjölbreyttri dagskrá bókasafnsins. Allar nánari upplýsingar varðandi starfið veitir forstöðumaður félagsstarfs eldri bæjarbúa Kristín Hannesdóttir. Kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

Kveðja

Mig langar að minnast góðs félaga, frumkvöðuls og vinar Kristjáns Jóhannssonar, eiganda og útgefanda Nesfrétta.

Okkar kynni ná aftur til ársins 1984 þegar ég starfaði sem sumarstarfsmaður í Sundlaug Seltjarnarness. Um það leiti var Kristján ásamt öðrum að hefja blómlega starfsemi Trimmklúbbs Seltjarnarness sem enn starfar og stækkar. Kristján var þar mikill hvatamaður og átti með framtaki sínu stóran þátt í þeirri skokk- og hlaupabylgju sem hófst á þessum árum og varð að sístækkandi almenningsíþrótt.



Kristján Jóhannsson.

Trimmkлубburinn hitaði upp í garðinum fyrir framan afgreiðslu sundlaugarinnar þar sem nú stendur húsnaði World Class. Ég kynntist fólkinu í þessum öfluga hópi vel en Kristjáni þó alveg sérstaklega. Það skein af honum krafturinn og hann var sífellt að hvetja aðra áfram. Ég man satt að segja aldrei eftir að hafa spjallað við Kristján í gegnum tíðina án þess að hann væri bjartsýnn og jákvæður. Einstakur eiginleiki sem smitar út frá sér og gerir aðra betri.

Kristján var áberandi í bæjarlífinu ekki síst sem útgefandi Nesfrétta, okkar fyrsta bæjarblaði sem átti 35 ára afmæli fyrr á þessu ári. Kristján sem var prentari að mennt var lengst af með Prentsmiðjuna Nes heima í kjallaranum í Hrólfskálavör þar sem að m.a. Nesfréttir voru prentaðar um langt skeið. Kristján var því mikill frumkvöðull og án efa hefur hlýtur það oft að hafa verið krefjandi rekstur að gefa reglulega út bæjarblað með staðbundnum fréttum sem dreift var frítt í öll hús í ekki stærra samfélagi sem Seltjarnarnes er. Það var hins vegar alltaf bjartsýni, kraftur og elja í Kristjáni enda hefur blaðið komið út árum saman af metnaði og fært okkur fréttir, upplýsingar og auglýsingar úr bæjarlífinu. Nesfréttir eru að mínu mati afar stór hluti af bæjarbragnum okkar og ég vona sannarlega að blaðið haldi áfram að koma út sem blað okkar Seltirninga.

Að leiðarlokum vil ég þakka Kristjáni á Nesfréttum samfylgdina og fyrir öll hans góðu störf í gegnum tíðina. Það er sjónarsviptir af fráfalli þessa atorkumikla manns og sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur til fjölskyldunnar allrar.


Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

AS WE GROW ICELAND



Nesfréttir www.borgarblod.is



www.systrasamlagid.is



Matthías ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna og Melkorka framlengir

Matthías Guðmundsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna knattspyrnudeildar Gróttu. Matthías gerir þriggja ára samning við deildina en hann hefur síðustu tvö ár verið aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna Vals. Matthías á að baki glæstan fótboftaferil og 196 leiki í efstu deild á Íslandi en hann lék lengst af með Val.

Matthías hlakkar til að hefja störf hjá félaginu: „Ég er mjög spenntur fyrir því að fá tækifæri til

að þjálfa svona flottan klúbb eins og Gróttu. Hópurinn er flottur með góðan kjarna af leikmönnum sem hafa spilað lengi saman og efnilegar stelpur að koma upp. Einnig er stefna félagsins mjög spennandi og umgjörðin alveg til fyrirmyndar. Ég hlakka mikið til að hitta hópinn og komast út á æfingarsvæðið.”

Við sama tilefni skrifaði Melkorka Katrín Flygenring Pétursdóttir undir tveggja ára samning sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Melkorka hefur síðasta árið verið aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna hjá Gróttu ásamt því að vera aðalþjálfari 5. flokks kvenna og heldur hún því góða starfi áfram hjá deildinni. Melkorka er á lokaári meistaranáms í sjúkrapjálfun og hefur lokið UEFA B þjálfararéttindum.

Melkorka er spenntur fyrir framhaldinu: „Ég er gríðarlega ánægð að hafa skrifað undir nýjan samning og hlakka til að vinna áfram í því frábæra umhverfi sem Gróttu hefur upp á að bjóða. Ég hlakka mikið til að vinna áfram með leikmönnum og fólkinu í kringum liðið. Einnig er frábært að hafa fengið Matta inn í þetta og ég hlakka til samstarfsins. Það eru spennandi tímar framundan á Nesinu!”

Knattspyrnudeild Gróttu fagnar því að hafa samið við Matthías og Melkorku og hlakkar til komandi samstarfs við þau bæði. Harpa Frimannsdóttir: „Við í stjórn knattspyrnudeildar erum gríðarlega ánægð að hafa fengið Matthías sem þjálfara liðsins, hann mun koma með ferskan blæ og mikla reynslu inn í starfið. Einnig fögnum við endurráðningu Melkorku aðstoðarþjálfara sem þekkir liðið vel og ég tel víst að þau munu ná vel saman og ná því besta fram.”



Matthías, Harpa og Melkorka.
Mynd: Eyjólfur Garðarsson

Teygjuþjálfun iðkenda handknattleiksdeildar

Í október kom dr. Elís Þór Rafnsson, Sjúkrapjálfari PhD, sérfræðingur í íþróttasjúkrapjálfun og sjúkrapjálfari handboltalandslíðs karla til margra ára og hélt fyrirlestur fyrir Gróttukrakka frá 4. flokki í handboltanum.

Hann fræddi þau um og sýndi mikilvægar teygjur sem koma þeim að gagni sem tilvonandi afreksfólk, bæði til þess að koma í veg fyrir meiðsli og einnig til að jafna sig eftir ákveðin meiðsli. Þessi fyrirlestur var að frumkvæði Aðalstjórnar og Elís sjálfs, sem er sammála okkur að í Gróttu sé mikilvægt að impra á þessum atriðum til að hindra langvarandi meiðsli barnanna og auka líkur á því að þau blómstri í íþróttinni og iðki hana sem lengst. Elís gaf þjálfurum yngri flokkana góð ráð varðandi teygjurúttinu sem hann mælir með því að börnin tileinki sér á hverri æfingu og vonast er til að þessi grunnur nýtist okkar fólk vel í framtíðinni. Vel var tekið í þessa fræðslu og mögulegt er að Elís komi aftur og tali við enn fleiri iðkendur, og gefi frekari ráð.



Edda valin í U15 ára landslið kvenna

Landsliðsþjálfarar U15 ára landsliðs kvenna, Sigríður Unnur Jónsdóttir og Hildur Þorgeirsdóttir völdu á dögnum U15 ára landsliðshóp sem mun æfa dagana 23. - 26. nóvember næstkomandi.

Einn fulltrúi frá Gróttu er í landsliðshópnum en það er hún Edda Sigurðardóttir. Edda er leikmaður í 4. flokki kvenna hjá félaginu.



Anna Karólína og Katrín Anna í U20 ára landsliðinu

Landsliðsþjálfarar U20 ára landsliðs kvenna, þeir Ágúst Jóhannsson og Árni Stefán Guðjónsson völdu á dögnum landsliðshóp U20 ára landsliðsins til æfingar dagana 23. - 26. nóvember.

Gróttu á tvo fulltrúa í liðinu en það eru þær Anna Karólína Ingadóttir og Katrín Anna Ásmundsdóttir.



Hákon valinn markmaður ársins í Svíþjóð

Hákon Rafn Valdimarsson hefur verið valinn sem besti markvörður tímabilsins í efstu deild sænska boltans! Hákon Rafn var aðalmarkvörður Elfsborg á tímabilinu og fékk liðið aðeins 26 mörk á sig í 30 leikjum, en ekkert lið fékk færri mörk á sig.

Hákon, sem er ekki nema 22 ára gamall, hefur verið að gera frábæra hluti í sænska boltanum síðan hann fór þangað frá Gróttu árið 2021. Hákon á að baki fjóra A-landsleiki fyrir Ísland og spilaði hann alla deildarleiki Elfsborg á tímabilinu sem var að ljúka að einum undanskildum en þá var hann í leikbanni.

Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega hreykin af Hákonni og hans frábæru frammistöðu. Hákon er frábær fyrirmynd fyrir unga iðkenda hjá Gróttu sem líta svo sannarlega upp til hans. Hann á þennan titil svo sannarlega skilið og óskum við honum innilega til hamingju með þessa glæsilegu viðurkenningu!



Fræðslufyrirlestur fyrir foreldra



Á dögunum hélt Anna Steinsen frá KVAN fyrirlestur fyrir handboltaforeldra sem bar yfirskriftina „Hvernig get ég stutt barnið mitt í handbolta?“

Hún fjallaði um menningu í hópum og hvernig við getum orðið jákvæðir leiðtogar. Mikilvægi liðsheildar og að við látum okkur aðra varða, hugsum um heildina. Hún talaði einnig um samskipti og með áherslu á samskipti milli kynslóða og hvernig við getum stutt við okkar barn á uppbyggilegan hátt.

Virkilega áhugavert fræðsluerindi fyrir foreldra sem höfðu einmitt á orði hversu gagnlegt þetta hefði verið.

Rebekka til Portúgal með U15

Magnús Örn Helgason, landsliðsþjálfari U15 kvenna, hefur valið hóp sem tekur þátt í UEFA Development Tournament. Gróttukonan Rebekka Sif Brynjarsdóttir hefur verið valin í hópinn. Rebekka er 14 ára gömul og gríðarlega efnileg knattspyrnukona.

Hún lék tvo leiki með meistaraflokki Gróttu í Lengjudeildinni í sumar og skoraði í þeim eitt mark. Þá lék hún einnig með 3. flokki kvenna og 4. flokki karla og kvenna í sumar þar sem hún skoraði samtals 30 mörk. Mótið verður haldið í Lissabon í Portúgal dagana 17.-23. nóv., en liðið æfir í tvígang á Íslandi fyrir brottför. Mynd: Eyjólfur Garðarsson



Aufi valin í U18 ára landsliðið

Þórður Þórðarson landsliðsþjálfari U18 kvenna, hefur valið hóp sem tekur þátt í æfingum og leikjum við Svíþjóð. Hópurinn mun hittast til æfinga helgina 25.-26. nóv. og þriðjudaginn 28. nóv.

Gróttukonan Arnfríður Auður Arnarsdóttir, betur þekkt sem Aufi, er í hópnum. Þrátt fyrir ungan aldur lék Aufi lykilhlutverk í liði Gróttu í Lengjudeildinni í sumar en hún er einungis 15 ára gömul. Aufi lék 16 leiki í Lengjudeildinni í sumar og skoraði í þeim sjö mörk.

Gaman er að segja frá því að Aufi er eini leikmaður hópsins sem fædd er 2008, en aðrir leikmenn eru fæddir árið 2007. Knattspyrnudeild Gróttu er hreykin af því að eiga svona flottan fulltrúa í hópnum. Leikirnir við Svíþjóð munu fara fram á Íslandi 29. nóv. og 1. des. í Miðgarði Garðabæ. Mynd: Eyjólfur Garðarsson



GEFÐU HLÝLEGAR GJAFIR



Hugleiðslupúðar

Hönnun sem endurspeglar hefðir og venjur frá Indlandi.

Mynstur sem notuð eru til að skreyta stíga á hindúhátíðum og við hjónavígslu.

Einstök hönnun. Kíktu á úrvalið.



Líkamsburstar og olíur

Ást er... að gefa þér og þínum líkamsbursta og -olíu á aðventunni.

Hydréa London er leiðandi í baðdekri.

Notaðu með lífrænar olíur af bestu gerð. Frá Fuschi og Wild Grace hjá okkur.



Lykillinn að jólinum!

Allra bestu ferðafélaganir í skammdeginu, alla aðventuna og öll jólin eru meltingar-ensím, magasýra og mjólkurpistill. Það er gott að fara að undirbúa meltinguna.



Nærðu húðina með Wild Grace

Mögnuð húðlína sem færir húðinni aðeins það besta og nákvæmasta sem náttúran hefur upp á að bjóða. Kíktu á úrvalið.

Þorrablótið Seltirningar 27. janúar

Seltirningar - takið frá 27. janúar 2024 fyrir árlega Þorrablótið sem haldið verður í íþróttasal Gróttu.

Miðasala er nú þegar hafin á tix.is



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systerasamlagid.is
@systerasamlagid
Sími: 511 6367

Jólin eru í Ráðagerði

Við kynnum himneskan fjögurra rétta jólaseðil sem í boði verður frá 22. nóvember á aðeins 9.990 kr. yfir hátíðarnar. Aðalseðillinn verður líka á sínum stað svo allir finna sér rétt við hæfi. Gjafabréfið okkar er svo tilvalin gjöf fyrir þau sem vilja slá í gegn um jólin.

Gerðu vel við þig um hátíðarnar með ljúffengum veitingum í huggulegu umhverfi og bókaðu borð á radagerdi.is

